



Alþingi nefndarsvið

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 28. október 2022
2210032 PSS

Efni: Umsögn um mál nr. 9 um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis

Vísað er til umsagnabeiðni frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. Október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál.

Vesturbyggð ítrekar fyrri umsagnir sína og minnir á bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar af 360. fundi þann 26. maí 2021 :

”Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis. Vesturbyggð hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að náð sé utan um heildargjaldtöku af fiskeldi og hvaða tekjur eru að skila sér til þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldi er stundað. Einnig hefur Vesturbyggð bent á að mikilvægt sé að til staðar séu skýrar heimildir til töku gjalda af fiskeldi í sjó, þannig að koma megi í veg fyrir að sveitarfélög þurfi að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvort heimilt er að taka gjöld til að m.a. standa undir rekstri hafnarmannvirkja. Við endurskoðunina er einnig mikilvægt að lita til áhrifa á þau sveitarfélög sem fiskeldi er stundað, hvort í laga- og reglugerðarumhverfi séu veikleikar sem hafi verulega neikvæð áhrif á þau samfélög þar sem fiskeldi fer fram, hvort sem er vegna þjónustu við kviasvæði eða slátrun og vinnsla. Þá hvetur Vesturbyggð til þess að hluti að endurskoðunni feli í sér að greina hvort æskilegt sé að skilyrða veitingu rekstrarleyfa í fiskeldi í sjó, eins og gert er í annarri haftengdri starfsemi. Þannig að tryggt sé að tekjur af fiskeldi í sjó verði sannarlega eftir í þeim samfélögum þar sem fiskeldi fer fram. Samþykkt samhljóða.”

Undirrituð ítrekar enn fremur það sem fram kemur í umsögn Vesturbyggðar, dags. 22. febrúar 2022:

„Vesturbyggð leggur áherslu á að í þeim starfshópi sem skipaður verði skv. þingsályktuninni, nái hún fram að ganga, verði skipaður fulltrúi af hálfu sveitarfélaga, til að tryggja að þekking og reynsla innan sveitarfélaganna skili sér inn



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

í vinnu starfshópsins. Þá ítrekar Vesturbyggð einnig mikilvægi þess að skoðað verði hvort aðrar leiðir eru færar til að koma gjaldi af fiskeldi til sveitarfélaga með öðrum hætti en í gegnum fiskeldissjóð. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum sýndi það skýrt að fjármunir sem í raun verða til í viðkomandi sveitarfélögum renna ekki endilega til þeirra sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldi hefur verið stundað einna lengst, er umfangsmest og þörfin fyrir innviðaupbyggingu einna mest. Ítrekar Vesturbyggð því fyrri umsögn sína til atvinnuveganefndar Alþingis, 28. mars 2019, þegar fjallað var um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð og að aðrar leiðir en fiskeldissjóður verði nýttur til að tryggja að tekjur af fiskeldi skili sér sannarlega til innviðaupbyggingar sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.“

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund atvinnuveganefndar Alþingis til að fylgja umsögn Vesturbyggðar eftir og svara þeim spurningum nefndarmanna sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri